

skv. heimild í II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6 frá 1978 og með þeim réttindum og skyldum sem þar greinir.

Föstudaginn 2. maí 1986.

Nr. 142/1986. **Oliuverslun Íslands hf.**

gegn

Hilmari S. R. Karlssyni

Kærumál. Útburðargerð. Þýðing áfrýjunar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið úrskurði fógetaréttar Kjósarsýslu, uppkveðnum 2. f.m., til Hæstaréttar með kæru sama dag, er barst Hæstarétti 21. f.m.

Með úrskurði fógetaréttar Kjósarsýslu, uppkveðnum 28. febrúar sl., var ákveðið að varnaraðili skyldi borinn út af fasteigninni Túngötu 7 í Bessastaðahreppi. Úrskurðurinn var kveðinn upp að kröfu sóknaraðila sem fengið hafði uppboðsafsal fyrir nefndri fasteign 22. nóvember 1985 að undangengnu nauðungaruppboði 8. júlí 1985.

Með áfrýjunarstefnu 20. mars sl. skaut varnaraðili úrskurði þessum til Hæstaréttar.

Í fógetarétti Kjósarsýslu 21. mars sl. lagði varnaraðili fram áfrýjunarstefnuna. Útburðargerð var síðan frestað til 2. apríl. Er málið var fyrir tekið þann dag gerði varnaraðili þá kröfu að útburði yrði enn frestað uns Hæstiréttur hefði dæmt áðurnefnt mál.

Fógetinn, Rúnar S. Gíslason fulltrúi sýslumannsins í Kjósarsýslu, varð við kröfu þessari með úrskurði er hann kvað upp í sama þinghaldi. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Útburðargerðinni er frestað þar til niðurstaða liggur fyrir í áfrýjunarmálinu.“

Þennan úrskurð hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar sem fyrir segir. Hann krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá Hæstarétti þar sem kæruehimild skorti, en til vara að úrskurðurinn verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Kæra úrskurðar þessa, sem mælir fyrir um að frestað verði útburðargerð sem ákveðin hefur verið með úrskurði, er heimil samkvæmt 3. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Verður frávísunarkröfu varnaraðila því ekki sinnt.

Áfrýjun úrskurðar fógetaréttar Kjósarsýslu frá 28. febrúar sl. frestar eigi framkvæmd hans, sbr. meginregluna í 3. mgr. 44. gr. laga nr. 19/1887. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og dæma varnaraðila til þess að greiða sóknaraðila 3.000,00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Varnaraðili, Hilmar S. R. Karlsson, greiði sóknaraðila, Olíuverslun Íslands hf., 3.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.